


Þriðji fundur Umhverfisnefndar 2015-16 haldinn 20.jan 2016 klukkan 14:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Tómas Hrafn, Kristján Pétur, Anton Karl, Kristófer Gunnar og Marcel Wojciech. Fulltrúar starfsfólks: Guðrún Sigurðardóttir skólastjóri, Jóhannes Elmar Lange starfsmaður og verkefnisstjóri. Fulltrúi foreldra: forfallaðist.



Guðrún setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Allir kynntu sig og farið var í gegnum fundarreglur. Að því loknu tók Jói við og fór í gegnum fundargerð síðasta fundar. Á þeim fundi hafði verið ákveðið að fara og skoða Kirkjugólfið og Hildishaug og fræðast um hvernig þessir tveir staðir eru tilkomnir.

Á leiðinni á Kirkjugólfið og Hildishaug bar ýmislegt fyrir augu, m.a. „risastórt“ ísfjall (stóran snjóruðningshól) Hann þótti afar spennandi og voru fundarmenn sammála um að það hefði verið hrikalega gaman að klifra upp á hann. Ákveðið var að skýra hann „Nómalúp“ Það var

Kristófer Gunnar sem átti hugmyndina að því nafni og hinir tóku undir. Við sáum líka risastórt skautasvell sem var allveg hrikalega gaman að skauta á.

Nómalúpur



Skautasvell



Við fórum svo í gegnum það hvað við hefðum fræðst um Kirkjugólfið og Hildishaug og voru fundarmenn sammála um að það væri rosalega skrytið að sjórinn hefði einhverntíma verið þar sem kirkjugólfið er og búið það til. Það þótti svo ótrúlegt að fundarmönnum bar saman um að það þyrfti nú að skoða það eitthvað frekar og fræðast betur um það í annan tíma. Við rifjuðum upp hvers vegna hóllinn heitir Hildishaugur og mundu allir eftir því að Hildir nokkur væri grafin þar undir samkvæmt þjóðsögnum og það væri að því að hann trúði ekki á „venjulegan guð“ heldur einhverskonar öðruvísi (var heiðinn) og þessa vegna hefði hann bara dáíð þegar hann var þarna og hóllinn settur ofan á hann.

Kirkjugólf og Hildishaugur



„Við bönguðum á hólinn og klifruðum upp á hann og kölluðum niður en Hildir heyrði bara ekkert í okkur“ sagði Kristófer Gunnar - „hann svaraði okkur allavegna ekki en ég held að Heilsuleikskólinn Kæríþær

álfarnir sem búa þarna hafi alveg heyrt í okkur samt“ sagði Tómas Hrafn - „það er tröll sem á heima í hólnum sko“ sagði Marcel og hinir tóku undir, í kjölfarið fór fram mikil umræða um tröllin og búsetu þeirra í nágrenninu. Hvernig þau breytast í steina í dagsbirtu og hvernig það heyrir í þeim á nóttunni þegar þau eru á ferðinni um sveitina. Jói fór svo betur yfir söguna um Hildishaug.



Þá var farið í það sem næst yrði á dagskrá og Guðrún tjáði fundarmönnum að næst á dagskránni væri „dagur leikskólans“ og við myndum setja upp myndlistarsýningu af því tilefni og það væru 2 staðir að þessu sinni sem kæmu til greina. Annarsvegar væri það Skaftárskáli og hinsvegar bókasafnið.

Ákveðið var að kjósa milli Skaftárskóla og bókasafnsins og fékk bókasafnið 100% atkvæða.

Einnig var ákveðið að sýningin ætti að tengjast átthögunum, álfum og tröllum.

Að lokum þakkaði fundarstjórinn fyrir góðan fund og sleit fundi.

Fundargerð. Jóhannes E.